

7. maí 2021 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Drög að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til kynningar

Drög að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt eru nú til kynningar á vefsíðum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Vinna við áætlanirnar tvær er í samræmi við lög um landgræðslu og lög um skóga og skógrækt.

Verkefnisstjórnir, skipaðar af umhverfis- og auðlindaráðherra, hafa yfirumsjón með vinnunni.

Drögin eru kynnt í sex vikur ásamt umhverfismati. Eftir að kynningu á áætlununum lýkur skila verkefnisstjórnirnar tillögum til ráðherra, sem samræmir áætlanirnar tvær, og gefur þær síðan út.

[Landgræðsluáætlun](#)

[Landsáætlun í skógrækt](#)